

Hagnýtar upplýsingar UEFA fyrir dómara

Inngangur

Frá árinu 2002 hefur dómaranefnd UEFA gefið út almennar niðurstöður og tilmæli sem tekin hafa verið saman í kjölfar námskeiða og funda með dómurum úr „úrvalsflokki“, nýjum FIFA dómurum og aðstoðardómurum af báðum kynjum og Futsal dómurum. Þessar niðurstöður og tilmæli eru ávöxtur umræðu og samráðs milli dómaranna, aðstoðardómaranna og fulltrúa dómaranefndarinnar.

Í þessu riti, sem uppfært er reglulega, eru teknar saman niðurstöður frá hinum ýmsu sumar- og vetrarráðstefnum með UEFA dómurum.

Innihald þessa rits er til þess ætlað að aðstoða dómara við túlkun Knattspyrnulaganna og telst að engu leyti stangast á við sjálf lögin.

Fyrri hluti ritsins fjallar almennt um starf alþjóðadómara allt frá því að þeir eru fyrst tilnefndir á listann. Í honum er þeim gefnar ýmsar hagnýtar upplýsingar, s.s. varðandi tilnefningar í leiki, leikskýrslugerð á netinu, ferðatilhögun, greiðslu dagpeninga og ferðakostnaðar, dómaraþúninga o.fl. Seinni hluti ritsins fjallar hins vegar um almenn fyrirmæli og leiðbeiningar eftir að inn á völlinn er komið og grundvallast á „*Túlkun knattspyrnulaganna og leiðbeiningar til dómara*“, sem eru óaðskiljanlegur hluti sjálfra Knattspyrnulaganna, auk keppnisreglugerða UEFA.

Dómaranefnd KSÍ telur efni það sem fjallað er um í seinni hluta ritsins (og hér birtist í þýðingu Gylfa Þórs Orrasonar) eiga fullt erindi við alla deildadómara KSÍ og lítur svo á að fyrirmæli þau og leiðbeiningar sem þar birtast um túlkun knattspyrnulaganna eftir að inn á völlinn er komið eigi að fullu við um alla dómgæslu í knattspyrnuleikjum á Íslandi ekki síður en á alþjóðavettvangi. Þó ber ávallt að hafa í huga að reglugerðir KSÍ um knattspyrnumót kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar sambærilegum reglugerðum UEFA. Nokkrum köflum sem ekki eru taldir eiga við íslenska knattspyrnu er jafnframt sleppt í samantekt þessari.

Er í leikinn er komið

Vallarklukkan

Heimilt er að hafa klukkan á leikvöllum sem sýna hvað leiktímanum líður að því tilskildu að þær séu stoppaðar í lok venjulegs leiktíma í hvorum hálfleik fyrir sig, þ.e. eftir 45 og 90 mínútur. Það sama á við um þegar leikir eru framlengdir, þ.e. eftir 15 og 30 mínútur.

Fjöldi leikmanna og forráðamanna sem heimilað er að vera á boðvangi

Í leikjum á vegum UEFA eru einungis sex forráðamönnum og sjö varamönnum heimilað að sitja á varamannabekk, þ.e. þrettán í allt. Nöfn þeirra allra og starfssvið þurfa að vera tilgreind í leikskýrslu.

(Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kveður hins vegar á um að hvort lið megi tilnefna og skrá á leikskýrslu að hámarki 5 varamenn og 5 forráðamenn. Aðrir hafa ekki heimild til að vera á eða við varamannabekk liðs og skulu dómari og fyrri aðstoðardómari (eða fjórði dómari) gæta þess að það sé virt fyrir upphaf leiks og meðan á leik stendur. Í Pepsi-deildinni og Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og Meistarakeppni KSÍ gildir hins vegar að varamenn mega vera 7 að hámarki, svo og 7 forráðamenn. Með aðalkeppni bikarsins er átt við frá og með 32 liða úrslitum karla og 16 liða úrslitum kvenna).

Varamenn

Í leikjum á vegum UEFA er hvoru liði heimilt að skipta inn á þremur leikmönnum á meðan á leik stendur. Skyld er að nota númeruð spjöld til þess að gefa skiptingarnar til kynna (þetta er ekki skylda í leikjum sem fram fara samkvæmt mótareglum KSÍ). Á meðan á leik stendur er varamönnum heimilt að yfirgefa boðvanginn til þess að hita upp. Öðrum á varamannabekk er óheimilt að hita upp eða stjórna upphitun varamanna.

Á öryggisfundi að morgni leikdags gefur dómariinn fyrirmæli um hvar varamenn skuli hita upp (aftan við AD1 eða aftan við auglýsingaskiltin aftan við mörkin) og einnig hve margir varamenn úr hvoru liði mega hita upp samtímis. Mælt er með því að einungis þrjú varamenn úr hvoru liði um sig hiti upp á sama tíma. Í sérstökum tilvikum, ef pláss leyfir, getur dómariinn heimilað að fleiri en þrjú varamenn úr hvoru liði fái að hita upp á tilgreindum upphitunarsvæðum. Í flestum tilfellum er ekki ástæða til þess að fara strangt eftir þessu ákvæði í leikjum á Íslandi, enda er nóg pláss til upphitunar við flesta velli, þó á því séu vissulega undantekningar.

Í leikjum á vegum UEFA sér fjórði dómariinn um leikmannaskipti í samráði við dómaraann. Óþarfi er fyrir AD1 að færa sig að miðlínunni við leikmannaskipti þegar fjórði dómari er við störf.

Litir sokka leikmanna í leikjum á vegum UEFA

Margir leikmenn nota hvítt límband („tape“ eða vafning) eða jafnvel annað sokkapar yfir sokkana sem tilheyra búningi liðsins. Þetta getur breytt litum sokkana mikið og þannig hugsanlega valdið ruglingi gagnvart sokkum leikmanna mótherjanna, t.d. þegar boltinn hrekkur af leikmönnum. Af þessum ástæðum **skal límbandið/vafningurinn (eða auka-sokkarið) annað hvort vera hulið sokkunum eða sama litar og sokkarnir.**

Dómurum í leikjum á vegum UEFA ber að ganga úr skugga um að litir sokka liðanna séu vel aðgreinanlegir. Hvað varðar alla leiki sem fram fara á vegum UEFA ber dómaraann að geta um þetta atriði á öryggisfundi að morgni leikdags og framfylgja því af festu í öllum leikjum.

Skoðun markneta

Skoða skal marknetin eftir að liðin hafa hitað upp og yfirgefið leikvöllinn fyrir upphaf leiksins og aftur í lok leikhlésins (dómariinn tekur ákvörðun um hverjir sinni þessu hlutverki, þ.e. aðstoðardómaraarnir eða fjórði dómariinn).

Verkaskipting dómaraateymisins í lok fyrri og seinni hálfleikja (í leikjum á vegum UEFA)

Dómaraanefnd UEFA mælir með því að dómaraateymið skipti þannig með sér verkum í lok hvors hálfleiks um sig:

1. Aðstoðardómariinn sem er nær inngangi leikmannanna fer þangað strax í lok beggja hálfleikja til þess að hafa eftirlit sem því sem þar fer fram.
2. Fjórði dómariinn verður eftir á sínum vettvangi til þess að fylgjast með því sem fram fer á boðvöngum og til þess að hafa eftirlit með því þegar leikmenn yfirgefa leikvöllinn.
3. Dómariinn og hinn aðstoðardómariinn dvelja innan miðjuhringsins þangað til leikmennirnir hafa yfirgefið leikvöllinn.

(Dómaraanefnd KSÍ telur ekki ástæðu til þess að gera þetta að skyldu í leikjum sem fram fara skv. mótareglum KSÍ og eftirlætur viðkomandi dómurum að ákveða þessa verkaskiptingu hverju sinni).

Ábendingar og ýmis viðbótarfyrirmæli sem ber að hlíta í leikjum á vegum UEFA

(Með tilvísun til Knattspyrnulaganna og mótareglna UEFA/KSÍ).

Marki fagnað

Áminna ber leikmann sem:

- að mati dómaraans gerist sekur um ögrandi, háðslegt eða æsandi látæði
- klifrar upp á vallargirðingu til þess að fagna eftir að mark hefur verið skorað

- klæðir sig úr keppnistreyjunni eða setur hana yfir höfuð sér
- hylur höfuð sitt eða andlit með grímu eða einhverju sambærilegu

Það telst ekki áminningarvert leikbrot í sjálfu sér að yfirgefa leikvöllinn til þess að fagna marki, en mikilvægt er að leikmennirnir snúi aftur inn á leikvöllinn eins fljótt og mögulegt er.

Leikmenn mega ekki láta nærskyrtur sjást sem á eru slagorð eða auglýsingar. Yfirlýsingar af pólitískum, trúarlegum eða persónulegum toga mega ekki sjást á lágmarks skyldubúnaði leikmanns. Dómurum er hins vegar bent á að það telst ekki áminningarvert brot hjá leikmanni að lyfta upp peysu sinni til þess að sýna slagorð eða auglýsingu, en honum verður hins vegar refsað af viðkomandi mótshaldara (UEFA/KSÍ).

Dómarar skulu bera sig að með fyrirbyggjandi hætti og beita heilbrigðri skynsemi er þeir fást við fagnaðarlæti vegna marka.

Leikhlé / hlé fyrir upphaf framlengingar

Leikhlé skal vara í 15 mínútur. Gerist þörf á framlengingu ber að gefa fimm mínútna leikhlé milli loka venjulegs leiktíma og upphafs framlengingar. Almenna reglan er sú að leikmenn skuli halda sig inni á vellinum í þessu fimm mínútna hléi og í hálfleik framlengingarinnar, þó háð ákvörðun dómara hverju sinni.

Hressing í vökvaformi

Leikmenn eiga rétt á að fá sér hressingu í vökvaformi þegar leikurinn hefur verið stöðvaður, en eingöngu við hliðarlínuna. Óheimilt er að kasta plastflöskum, pokum eða öðrum vatnsflátum inn á leikvöllinn.

Skartgripir

Dómarar er minntir á að, í samræmi við 4. grein Knattspyrnulaganna, er leikmönnum óheimilt að bera hvers kyns skartgrip. Hættulega hluti ber að fjarlægja. Notkun límbands (plástra) til þess að hylja skartgrip er ekki fullnægjandi.

Viðbótartími gefinn til kynna

Fjórðu dómarar eru minntir á að þegar þeir hyggjast, að fyrirmælum dómara, gefa til kynna þann lágmarkstíma sem bætt verður við leiktímann í lok hvors hálfleiks, ber þeim ekki að gefa þann tíma til kynna fyrir en í lok síðustu mínútu venjulegs leiktíma hvors hálfleiks um sig.

Dómarinn metur hver viðbótartíminn skuli vera. Dómarar eru minntir á að þeim ber að láta leika a.m.k. til loka þess viðbótartíma sem auðsýndur er og ekki stöðva leik fyrir en að þeim tíma liðnum. Dómurum ber jafnframt að bæta við þennan viðbótartíma vegna tafa sem verða við leikmannaskipti, við mat meiðsla leikmanna, við að færa meidda leikmenn af velli til meðhöndlunar, við leiktafir eða hvers konar aðrar tafir sem verða á leiknum. Sá viðbótartími sem þannig er bætt við er ekki gefinn til kynna af fjórða dómaranum.

Meðhöndlun meiddra leikmanna

Knattspyrnulögin kveða skýrt á um að dómarinn einn ákveði hvenær stöðva skuli leikinn ef leikmaður er alvarlega meiddur og að ekki skuli heimila meðhöndlun meiddra leikmanna inni á leikvöllinum. Dómurum ber sjálfum að taka fulla ábyrgð á því hvenær leikurinn skuli stöðvaður og ekki ætti að hvetja leikmenn til þess að spyrna knettinum úr leik. Leikmenn sem það gera geta ekki vænst þess að mótherjarnir skili knettinum til þeirra er leikur er hafinn að nýju.

Dómurum ber að viðhafa eftirfarandi framgangsmáta þegar þeir fást við meidda leikmenn:

- Leik skal haldið áfram þar til knötturinn er úr leik ef leikmaður er, að mati dómars, eingöngu smávægilega meiddur.
- Leikur skal stöðvaður strax ef leikmaður er, að mati dómars, alvarlega meiddur.
- **Eftir að hafa ráðfært sig við leikmanninn** getur dómari heimilað einum, eða tveimur læknum hið mesta, að koma inn á leikvöllinn til þess að meta meiðslin og til þess að sjá um að leikmaðurinn sé fluttur út af leikvöllinum á öruggan og fljótan hátt.
- Börumennirnir skulu einungis fara inn á leikvöllinn með börur sínar eftir að dómari hefur gefið um það merki.
- Dómari skal tryggja að meiddur leikmaður sé fluttur af leikvelli á öruggan hátt.
- Óheimilt er að meðhöndla meiðsli leikmanna inni á leikvöllinum, nema að meiðsli séu sérstaklega alvarleg og flutningur þeirra af leikvelli geti haft slæm áhrif á ástand þeirra.
- Sérhver leikmaður sem er með blæðandi sár verður að yfirgefa leikvöllinn. Hann má ekki koma inn á aftur fyrr en dómari hefur fullvissað sig um að blæðingin hafi verið stöðvuð. Leikmaður má ekki klæðast búningi sem á eru blóðblettir.
- Hinn meiddi leikmaður verður að yfirgefa leikvöllinn jafn skjótt og dómari hefur heimilað læknum að koma inn á leikvöllinn, annaðhvort á börunum eða fótgangandi. Ef leikmaður er ófús að hlýða því, ber að áminna hann fyrir óíþróttamannslega framkomu.
- Hinn meiddi leikmaður má eingöngu koma aftur inn á leikvöllinn eftir að leikur hefur verið hafinn á ný og dómari hefur gefið honum um það merki.
- Þegar leikur er í gangi má hinn meiddi leikmaður eingöngu koma aftur inn á leikvöllinn frá hliðarlínunum hans. Þegar knötturinn er úr leik getur hinn meiddi leikmaður hins vegar komið inn á leikvöllinn frá öllum markalínunum hans.
- Aðeins dómari hefur heimild til þess að leyfa hinum meidda leikmanni að koma aftur inn á leikvöllinn, óháð því hvort leikurinn sé í gangi eða ekki.
- Dómari hefur þó heimild til þess að leyfa hinum meidda leikmanni að koma aftur inn á leikvöllinn ef annar aðstoðardómari eða fjórði dómari staðfesta að leikmaðurinn sé tilbúinn.
- Hafi leikur ekki verið stöðvaður af öðrum ástæðum, eða ef meiðsli leikmanns eru ekki afleiðing brots á knattspyrnulögunum, skal dómari hefja leik að nýju með því að láta knöttinn falla.
- Dómari skal bæta við, í lok hvers leikhluta, öllum þeim leiktíma sem tapast hefur vegna meiðsla.
- Hafi dómari ákveðið að sýna meiddum leikmanni, sem yfirgefa þarf leikvöllinn til aðhlyningar, spjald, skal dómari gera það áður en leikmaðurinn yfirgefur leikvöllinn.

Undanþágur frá þessum úrskurði má einungis gefa þegar:

- Markvörður meiðist.
- Markvörður og útileikmaður hafa lent í samstuði og þarfnast tafarlausrar aðhlyningar.
- Leikmenn sama liðs hafa lent í samstuði og þarfnast tafarlausrar aðhlyningar.
- Alvarleg meiðsli hafa átt sér stað, t.d. ef leikmaður gleypir tunguna, heilahristingur, eða fótbot.

Tæknilegar ráðleggingar Dómaranefndar UEFA

Eftir samráð Dómaranefndar UEFA við dómara og aðstoðardómara sem sótt hafa dómaraádstefnur UEFA komust menn að þeirri niðurstöðu að eftirfarandi ráðleggingar myndu styrkja samræmi í túlkun og beitingu Knattspyrnulaganna.

Rétt ákvarðanatáka - Leikbrot og afleiðingar þeirra

Eftirfarandi mælikvarði skal gilda þegar meta skal alvarleika leikbrota og þegar leikbrot koma í veg augljós marktækifæri eða stöðva vænleg upphlaup (ásamt viðeigandi refsingu í slíkum tilfellum).

Mat á alvarleika leikbrota

Þegar meta skal alvarleika leikbrota (s.s. sparka í, bregða, stökkva á, slá, hrinda, eða ráðast að mótherja) skulu dómara hafa eftirfarandi atriði í huga:

- ásetning og meinfýsi (illkvittni)
- hraða, kraft og ákveðni leikmannsins sem fremur brotið
- möguleika þess sem brýtur af sér til að leika knettinum
- stefnu fóta og notkun takka
- hvort öryggi mótherjans sé stofnað í hættu

Sérstaka áherslu ber að leggja á að útrýma aðförum leikmanna sem taka ekkert tillit til öryggis og velferðar mótherja, þ.m.t. þegar snerting verður við knöttinn og mótherja á mikilli ferð. Dómarar verða að grípa inn í af ákveðni þegar þeir verða varir við stjórnlausar líkamlegar aðfarir sem gerðar eru hugsunarlaust og á mikilli ferð án nokkurs tillits til hugsanlegra afleiðinga og öryggis mótherjanna. Þegar ásetningur og meinfýsi er metin ber dómurum að veita stefnu fóta og notkun takka þess sem tæklar sérstaka athygli.

Jafnvel þó knettinum sé leikið getur tækling hugsanlega verið talin framkvæmd af skeytingarleysi (eða jafnvel heift). Þegar snerting verður við knöttinn og mótherja á mikilli ferð og án tillits til hugsanlegrar hættu fyrir mótherjann ber að refsa fyrir það með viðeigandi hætti - venjulega með gulu spjaldi eða rauðu spjaldi þegar um er að ræða alvarlega grófan leik.

Líta verður á sérhverja heiftarlega aðför, sem stofnar öryggi mótherja í hættu, sem alvarlega grófan leik og því ber að vísa hinum brotlega af leikvelli. Ávallt skal refsað fyrir ruddaskap með rauðu spjaldi.

Ef aðför leikmanns er of heiftarleg, eða stofnar öryggi mótherja í hættu, skiptir ekki máli hvort tæklingin komi aftan að, framan að eða frá hlið.

Dómarar eru minntir á að þeim ber að leyfa ákveðnar/heiðarlegar aðfarir og refsa eingöngu fyrir óheiðarlegar aðgerðir, en ekki má gleyma því að leikmaður sem ýkir afleiðingar aðfarar mótherja, í þeim tilgangi að hann hljóti strangari refsingu, telst hafa gerst sekur um óíþróttamannslega hegðun.

Kringumstæður

Auk þess að meta alvarleika brotsins ber dómurum að taka tillit til þeirra aðstæðna sem brotið var framið við (þ.m.t. staðsetningu á leikvellingum):

- Var komið í veg fyrir upplagt marktækifæri (brot sem leiðir til rauðs spjalds)?
- Var komið í veg fyrir vænlegt upphlaup (brot sem leiðir til guls spjalds)?

Nota skal eftirfarandi viðmið þegar metið er hvort leikbrot teljist koma í veg fyrir upplagt marktækifæri:

- Möguleikann á því að ná (halda) valdi á knettinum.
- Staðsetningar sóknarmannsins.
- Almennrar stefnu/hreyfingar (sóknarmannsins og knattarins).
- Fjarlægðar frá marki.
- Staðsetningar varnarmannanna/markmannsins.

- Var mjög líklegt að augljóst marktækifæri hefði skapast með sókninni ef hún hefði ekki verið stöðvuð með leikbroti sem refsar ber fyrir með aukaspurnu (eða vítaspurnu)?

Nota skal eftirfarandi viðmið þegar metið er hvort vænlegt upphlaup hafi verið stöðvað með leikbroti:

- Staðsetningar leikbrotsins.
- Möguleika leikmannsins til að leika knettinum.
- Staðsetningar samherja hans.
- Staðsetningar mótherja hans.
- Fjarlægðar frá marki.
- Var líklegt að sóknin hefði þróast vænlega á næstu sekúndum ef hún hefði ekki verið stöðvuð með leikbroti?

Ekki er gerður greinarmunur á því hvort komið sé í veg fyrir augljóst marktækifæri með leikbroti sem framið er af markmanni eða útileikmanni.

Aðrar óheiðarlegar aðgerðir (leikmanni haldið, knöttur handleikinn ...)

Dómarar eru minntir á að viðurlög fyrir leikbrot, s.s. að halda leikmanni eða að handleika knöttinn, eru samkvæmt Knattspyrnulögunum eingöngu aukaspurna. Hins vegar ber að sýna leikmanni gula spjaldið fyrir óíþróttamannslega framkomu ef brot hans var framið með freklegum hætti, t.d:

- að freklega sé komið í veg fyrir að mótherji nái valdi á knettinum eða komist í vænlega stöðu.
- komið sé í veg fyrir að vænlegt upphlaup þróist.

Þegar slíkt leikbrot verður til þess að upplagt marktækifæri er haft af mótherja ber að vísa hinum brotlega af leikvelli.

Brot sem framin eru þegar knötturinn er úr leik

Brot gegn knattspyrnulögunum geta verið framin hvort sem knötturinn er í eða úr leik. Í báðum tilfellum ber að refsa hinum brotlegu í samræmi við eðli/alvarleika brotanna. Ef brot á sér stað þegar knötturinn er úr leik, ber engu að síður að refsa hinum brotlega í samræmi við alvarleika brotsins, en þá er hins vegar ekki tekið tillit til aðstæðna brotsins (þar sem vænlegt upphlaup eða upplagt marktækifæri skapaðist aldrei).

Líkamleg snerting (notkun handa/handleggja)

Knattspyrnan er íþrótt þar sem líkamleg snerting er eðlilegur hluti af leiknum og aðeins ber að refsa fyrir óheiðarlega líkamlega snertingu.

Til þess að ná fram meira samræmi hafa verið útbúin viðmið til þess að aðstoða dómara við að greina á milli heiðarlegrar snertingar og refsiverðra leikbrota.

Við ákvörðun sína ber dómara því að taka mið af eftirfarandi:

- Hindraði varnarmaðurinn eða kom í veg fyrir hreyfingar sóknarmannsins með því að snerta hann með höndum/handleggjum?
- Hafði snertingin slæm áhrif á framsókn sóknarmannsins eða þróun sóknar liðs hans?
- Var þessari snertingu ætlað að hindra (eða var hún óviljandi)?
- Notaði varnarmaðurinn hendur/handleggi sína til þess að takmarka möguleika sóknarmannsins á því að taka sér þá stöðu á vellinum sem hann vildi?
- Var sóknarmaðurinn upphafsmaður hinnar ólöglegu snertingar með höndum/handleggjum?

- Nýtti sóknarmaðurinn sé líkamlega snertingu varnarmannsins til þess að reyna að villa um fyrir dómaramum og fá dæmda aukaspurnu eða vítaspurnu á mótherjann?

Ef dómariinn telur, eftir að hafa hugleitt öll þessi viðmið, að:

- um óheiðarlega líkamlega snertingu hafi verið að ræða (leikmanni haldið, leikmanni hrint ...) skal dæma aukaspurnu/vítaspurnu.
- sóknarmaðurinn hafi verið að reyna að villa um fyrir dómaramum ber að refsast hinum brotlega með gulu spjaldi fyrir óíþróttamannslega framkomu og hefja leik að nýju með óbeinni aukaspurnu tekna af liði mótherjanna.

Vakin er athygli á þeirri staðreynd að upphafsmaður (sá sem fyrr gerist brotlegur) líkamlegrar snertingar getur verið hvort heldur sem er sóknarmaður eða varnarmaður. Ef báðir leikmenn gerast sekir um óheiðarlega líkamlega snertingu ber að refsast upphafsmanninum (þeim sem fyrr gerist brotlegur) með því að dæma á hann aukaspurnu/vítaspurnu. Því til viðbótar kemur til greina að beita báða leikmennina viðeigandi agarefsingum.

Ólöglegar aðfarir með höndum/handleggjum

Bætt einbeiting, aukin athygli og vitund ætti að tryggja að dómaram og aðstoðardómaram séu á varðbergi gagnvart hugsanlega ólöglegum aðförum leikmanna með höndum/handleggjum. Með því að beina sjónum sínum ekki eingöngu að fótum/fótleggjum leikmanna þegar þeir sækja hvor að öðrum eiga dómaram að geta greint kröftugar, óheiðarlegar snertingar með olnbogum og handleggjum sem refsast ber fyrir á viðeigandi hátt og með samræmdum hætti.

Sérstök athygli er vakin á þeirri hættu sem getur skapast þegar leikmaður stekkur upp nálægt mótherja og réttir viljandi úr handleggnum á óeðlilegan hátt (og skapar þannig t.d. hættu með hreyfingu olnbogans).

Dómaram verða að gera sér grein fyrir þeirri skyldu sinni að vernda leikmenn gagnvart óheiðarlegum leik með því að tryggja að sérhver aðför leikmanns sem framkvæmd er með heiftarlegum hætti (og stofnar þannig öryggi mótherja í hættu) sé metin sem alvarlega grófur leikur og leiði þannig til rauðs spjalds.

Viljandi notkun olnboga/handleggja sem vopns gegn mótherja heyrir að sjálfsögðu undir þennan flokk leikbrota.

Ólögleg notkun handleggja fyrir töku horn/aukaspurnu

Ólögleg notkun handleggja, sérstaklega fyrir töku hornspurnu og aukaspurnu nálægt marki færast stöðugt í vöxt.

Dómurum er uppálagt að beita fyrirbyggjandi aðgerðum áður en leikur er hafinn við horn/aukaspurnur og þeim ber að sýna það með áberandi hætti. Koma má í veg fyrir árekstra með því að grípa strax til fyrirbyggjandi aðgerða, t.d. þegar leikmenn eru að stjaka hvor við öðrum til að skapa sér stöðu innan eða nálægt vítateignum. Aðgreina ber viðkomandi leikmenn greinilega og veita þeim skýrt tital sem allir megi sjá. Þegar tækifæri gefst til ættu dómaram einnig að nýta aðstoðarmenn sína til þess að tryggja að knötturinn fari ekki í leik fyrr en hann gefur merki um að hefja megi leik að nýju.

Mikilvægt er í framhaldinu að taka ákveðið á sambærilegu misferli í kjölfar fyrirbyggjandi aðgerða dómarams:

- Sé knötturinn ekki kominn í leik ætti það að leiða til guls eða rauðs spjalds háð alvarleika misferlisins.

- Sé knötturinn kominn í leik ber dómurum að taka ákveðið á leikmönnum sem áfram halda mótherjum, hrinda þeim o.s.frv. með því að dæma á þá auka- eða vítaspyrnu háð því hvort liðið braut af sér. Þar sem við á kann líka að vera þörf á frekari agarefsingum.

Í þessu efni hafa dómara teknið miklum framförum að undanfögnu með því að grípa ákveðið til viðeigandi aðgerða. Dómara eru hins vegar áminntir um að halda áfram að grípa til ákveðinna aðgerða gagnvart brotum þar sem leikmönnum er haldið, í þá togað eða þeim hrint innan vítateigsins og að fylgja þeirri viðbragðsáætlun sem mælt er með í því efni.

Ólögleg notkun líkamans

Vaxandi tilhneigingar gæti til ólöglegar notkunar líkamans til að stöðva vænlegar sóknir eða til þess að koma í veg fyrir að leikmaður geti hreyft sig til þess að taka á móti sendingu frá samherja. Jafnvel þó það sé í sjálfu sér gleðiefni að þetta leiði til færri leikbrota þar sem fæti er brugðið fyrir mótherja eða togað í peysu hans til þess að stöðva sóknir, þá eru margar sóknir nú þess í stað stöðvaðar með ólöglegri notkun líkamans („bodycheck“ = blokkeringu með líkama). Í öllum þeim tilfellum þar sem vænlegar sóknir eru þannig stöðvaðar með óheiðarlegum hætti eru dómara minntir á að sýna hinum brotlegu gula spjaldið fyrir óíþróttamannslega framkomu auk auka-/vítaspyrnunnar. Í þeim tilfellum þar sem hin ólöglega notkun líkamans er framkvæmd með heiðarlegum hætti, með ofbeldi eða ruddaskap, ber jafnframt samkvæmt Knattspyrnulögunum að sýna hinum brotlegu rauða spjaldið.

Vítaspyrnur

Dómara eru minntir á að í 14. grein laganna um vítaspyrnur segir nú:

„Gabbhreyfingar í atrennunni að töku vítaspyrnu til þess að villa um fyrir mótherjum teljast tilheyrja leiknum. Hins vegar eru gabbspyrnur, eftir að atrennunni er lokið, óheimilar og skulu meðhöndlaðar sem brot á 14. grein knattspyrnulaganna og sem óíþróttamannsleg framkoma og skal viðkomandi leikmaður því áminntur“.

Þetta á bæði við um vítaspyrnur sem teknar eru á meðan á leik stendur og einnig vítaspyrnur í lok leiks til þess að knýja fram úrslit.

Leikaraskapur/uppperð

Dómara eru minntir á að refsar ber fyrir hverskonar leikaraskapur/uppperð í þeim tilgangi að villa um fyrir dómara, hvar sem er á vellinum, með gulu spjaldi fyrir óíþróttamannslega framkomu.

Leikaraskapur/uppperð til þess að villa um fyrir dómara getur átt sér stað:

- þegar engin snerting á sér stað milli leikmanna.
- þegar leikmaður nýtir sér lítilsháttar snertingu við mótherja.
- þegar leikmaður er sjálfur upphafsmaður snertingar við mótherja.
- þegar leikmaður skynjar hugsanlega snertingu frá mótherja.

Því miður hefur orðið aukning á þess háttar ótilhlýðilegri hegðun leikmanna sem þannig gerir verkefni dómara erfiðara. Dómara verða því að vera stöðugt vakandi fyrir þess háttar óíþróttamannslegri hegðun og refsar hinum brotlegu stranglega til þess að útrýma leikaraskapur/uppperð úr leiknum. Þegar leikaraskapur/uppperð á sér stað er ekki ásættanlegt að dómara láti sér nægja að átta sig á því án þess að grípa til viðeigandi agarefsinga.

Þetta á hins vegar ekki við um það þegar framferði leikmannanna er ekki til þess ætlað að villa um dómara og því ber að láta leikinn halda áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Hvað hafa skal í huga varðandi hendi/ekki hendi

Þó að knattspyrnan sé íþrótt þar sem hreyfing handleggja og handa leikmanna telst eðlilegur hluti af hreyfiferli þeirra er mikilvægt að tekið sé tillit til eftirfarandi atriða þegar tekin er ákvörðun um hvort leikmaður teljist handleika knöttinn viljandi eða ekki:

- Var þarna um að ræða hönd í bolta eða bolta í hönd?
- Voru hendur og handleggir leikmannsins í „eðlilegri“ stöðu?
- Var leikmaðurinn að reyna „að gera sig stærri“ með notkun handleggjanna?
- Reyndi leikmaðurinn að forðast það að knötturinn færi í hönd/handlegg hans?
- Vegalengdin sem knötturinn fór áður en hann lenti í hönd/handlegg leikmannsins.
- Átti leikmaðurinn möguleika á því að forðast það að knötturinn færi í hönd/handlegg hans?
- Notaði hann hönd sína eða handlegg til þess að snerta knöttinn viljandi?

Dómarar þurfa einnig að hafa í huga aðrar hugsanlegar kringumstæður og afleiðingar, s.s. hvernig og hvar atvikið átti sér stað (vænlegt upphlaup stöðvað? upplagt marktækifæri haft af mótherja?) og verða því jafnframt í slíkum tilfellum að beita fyllstu refsingu í samræmi við knattspyrnulögin.

Atvik sem leiða til viðbragða/árekstra/ögrana leikmanna

Árekstrar/ögrarnir milli leikmanna

Dómarar verða að tryggja að samræmi sé í refsingum hinna brotlegu. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að dómari komi sér fljótt á staðinn og láti alla sjá að hann beiti agarefsingum tafarlaust (gult eða rautt spjald eftir því sem við á).

Eftirtektarvert er að þegar dómari kemur sér ekki strax á staðinn hefur það gjarnan í för með sér sterkari viðbrögð og hefndarbrot og vandamálið stigmagnast.

Ef ekki tekst að koma í veg fyrir stigmögnun slíkra árekstra milli leikmanna þegar í stað ber dómurinum að fylgjast grannt með öllu því sem gerist og forðast að lenda í líkamlegri snertingu við tilraun sína til þess að skilja leikmenn að.

Undir eðlilegum kringumstæðum ber dómurum og aðstoðardómurum að forðast alla líkamlega snertingu er þeir reyna að skilja leikmenn að. Kröftug notkun flautunnar kann að vera hjálpleg, en forðast ber að öskra á leikmenn.

Dómarar mega ekki láta nægja að refsa einungis upphafsmanninum/mönnunum (skeytingarleysi, heift), heldur einnig þeim sem hlut eiga í frekari ögrunum. Refsa ber upphafsmanninum/mönnunum á viðeigandi hátt, en auk þess er mælt með því að **a.m.k. einn leikmaður úr hvoru liði sé áminntur**. Gul spjöld teljast ekki fullnægjandi refsing þegar slagsmál (harkaleg líkamleg snerting) eiga sér stað. Dómurum ber að veita sérstaka athygli hverjum þeim leikmanni sem fer langa leið til þess að nálgast eða taka þátt í slíkum athöfnum og áminna hann.

Annar aðstoðardómaranna hefur það hlutverk að fylgjast með því sem fram fer og skrá hjá sér en hinn kemur til aðstoðar að hlið dómarsins. Fjórði dómari haldi kyrru fyrir á sínu svæði milli boðvanganna og flygist grannt með framvindu mála.

Dómari og aðstoðardómari/aðstoðardómararnir, og fjórði dómari ef þurfa þykir, beri saman bækur sínar áður en leikur er hafinn að nýju.

Dómarar skulu forðast allar leiktafir og tryggja að leikurinn hefjist svo skjótt sem auðið er.

Árekstrar/ögranir við dómara - grafið undan valdi dómara

Forseti UEFA hefur lýst fullum stuðningi sínum við „Virðingarherferð UEFA“ og hvatt alla þá sem tengjast leiknum til þess að virða hlutverk hvers annars. Með þetta í huga er þess krafist að dómara viðhaldi virðingu sinni og refsí fyrir hverja þá framkomu sem er til þess ætluð að grafa undan valdi dómara.

Í samræmi við knattspyrnulögin **ber því að áminna leikmenn** sem gerast sekir um mótmæli við dómara eða aðstoðardómara með orðum eða látæði.

Leikmenn tjá ágreining sinn til þess að grafa undan valdi dómara á margan hátt, t.d.:

- með bendingum/handapati eða með því að hlaupa að dómara eða aðstoðardómara til þess að mótmæla.
- með því að hópast kringum dómara (hópmótmæli/aðsúgur) - í slíkum tilfellum er þess krafist að a.m.k. einn leikmaður sé áminntur.
- með því að krefjast þess að mótherji sé áminntur með orðum eða látæði.

Dómara eiga að öðlast fulla virðingu og viðhalda henni út leikinn. Í þeim tilgangi ber dómurum að:

- auðsýna sterkan persónuleika/karakter er leikmaður/menn sýna fyrstu merki ágreinings.
- veita áminningu ef þeir telja athöfn leikmannsins fela í sér mótmæli.
- veita áminningu þeim leikmanni sem biður um gult eða rautt spjald á mótherja sinn.

Tímanleg áminning kann að hafa fyrirbyggjandi áhrif og koma í veg fyrir mótmæli annarra leikmanna.

UEFA krefst þess að dómara taki hart á mótmælum og ámminni hina brotlegu leikmenn.

UEFA er staðráðið í því að stöðva mótmæli og áreiti við dómara innan valla sem utan.

Viðbrögð við hópmótmælum/ögrunum (aðsúg)

Við stjórnun „æsingsástands“ (s.s. hópmótmæli/árekstra) ber dómara að auðsýna rósemi og yfirvegum. Honum ber að freista þess að lægja öldurnar með því að bera strax kennsl á upphafsmann mótmælanna/æsingsins, aðgreina hann frá hópnun (og einangra) eins fljótt og hægt er inn á hlutlaust svæði, fjarri hópnun sem safnast hafði saman, í þeim tilgangi að sýna honum gult spjald fyrir óíþróttamannslega framkomu. Halda ber samræðum í lágmarki, dómari skal vera rólegur, ákveðinn, halda augnsambandi við leikmanninn sem í hlut á og viðhalda fullri stjórn á málum. Þegar um er að ræða alvarlegt brot, s.s. óíþróttamannslega líkamlega snertingu við dómara, ber að sýna rauða spjaldið með rósemi og reisu.

Í slíkum tilfellum er aðstoðardómara sem nær er dómara heimilt að koma honum til aðstoðar. Hinn aðstoðardómari og fjórði dómari skulu fylgjast með og skrá hjá sér atvik af nákvæmni. Fjórði dómari skal ekki yfirgefa sitt svæði á milli boðvanganna.

Hefja skal leik að nýju svo skjótt sem auðið er. Bæta skal upp þann tíma sem fór til spillist með hefðbundnum hætti.

Tjáning og leikstjórn

Jákvæð líkamstjáning

Í vissum tilfellum getur verið hagur af því að nota látlaus merki til þess að útskýra atvik sem kunna annars að valda misskilningi hjá einhverjum þátttakenda í leiknum. Þetta telst vera jákvæður tjáningarmáti gagnvart leikmönnum og eykur trúverðugleika og sannfæringarkraft ákvörðunarinnar, t.d. getur verið gagnlegt að gefa til kynna að gula spjaldið hafi farið á loft vegna endurtekinnar leikbrota (brjóta lögin hvað eftir annað) svo að leikmennirnir átti sig á því að gula spjaldið var ekki einungis gefið fyrir síðasta leikbrotið.

Hins vegar ber eingöngu að nýta slík viðbótarmerki (t.d. peysutog o.s.frv.) til þess að útskýra ákvarðanirnar en ekki til þess að réttlæta þær.

Boðvangurinn

Fjórði dómariinn verður að vera vakandi fyrir skyldum sínum í samræmi við fyrirmæli dómarans (eins og þau voru lögð fram fyrir leikinn), en tryggja jafnframt að þjálfariinn fái tækifæri til þess að sinna starfi sínu af ábyrgð truflunarlaust. Almenn er þess því vænst að fjórði dómariinn „haldi sig sem mest til hlés“ sé þess nokkur kostur.

Dómarar eru minntir á að einum einstaklingi í einu er heimilt að dvelja við mörk boðvangsins svo fremi sem hann komi fram með ábyrgum hætti.

Í tilfellum þar sem einstaklingar bregðast við með óviðeigandi hætti á boðvangi ber fjórða dómariinum að beita persónutöfrum sínum og reyna að róa viðkomandi einstakling(a). Honum ber að varast að lenda í útistöðum eða löngum samræðum við þessa einstaklinga.

Fjórða dómariinum ber hins vegar að tilkynna dómariinum, við hentugt tækifæri er leikurinn hefur verið stöðvaður, ef einstaklingar á boðvangi gerast sekir um óábyrga hegðun þannig að dómariinn geti veitt viðkomandi einstaklingi/einstaklingum almenna aðvörun (eða í alvarlegri tilfellum vikið viðkomandi frá boðvangi). Ef um er að ræða endurtekin tilfelli óábyrgrar hegðunar á boðvangi ber fjórða dómariinum að tilkynna dómariinum um það á ný og honum í framhaldinu að víkja viðkomandi frá boðvangi.

Í grundvallaratriðum ætti því þjálfari, sem hegðar sér með ábyrgum hætti, að hafa fullkomið frelsi til þess að sinna starfi sínu, en gerist hann hins vegar sekur um að gagnrýna dómariann eða samstarfsmenn hans bera að grípa til aðgerða til þess að bæla slíka hegðun.

Ef upp koma vandamál á boðvangi eða á varamannabekkjunum sem krefjast íhlutunar dómarans ber aðstoðardómurinum tveimur að dvelja í sínum eðlilegu stöðum og einbeita sér að því sem fram fer inni á leikvöllinum til þess að geta gefið dómariinum um það skýrslu ef á þarf að halda.

Til umhugsunar varðandi beitingu hagnaðarreglunnar

Leikmenn, þjálfarar og áhorfendur vilja að leikurinn fái að ganga, en stundum getur beiting hagnaðarreglunnar komið niður á leikstjórninni.

Þegar dómariinn veltir fyrir sér beitingu hagnaðarreglunnar (eða hvort stöðva skuli leikinn) er mikilvægt að hann íhugi hvort liðið sem brotið var gegn myndi raunverulega hagnast á því að leikurinn sé látinn halda áfram - „liðshagnaður“ - þar sem það eitt að halda knettinum innan liðsins er ekki alltaf í hag liðsins. Ef hann á þess kost ber dómariinum því að beita „bíða og sjá“ aðferðinni með því að fresta því að flauta í því tilgangi að meta hvort liðið sem brotið var á sé komið í vænlega stöðu til sóknar.

Hins vegar leggja mörg lið nú mikið upp úr því að æfa töku aukaspyrna nálægt vítateig mótherjanna og því felst gjarnan í því meiri „liðshagnaður“ fyrir viðkomandi að fá dæmda

aukaspyrnu, sérstaklega eftir brot sem felur í sér líkamlega snertingu, fremur en að hætta á að nýta sér hagnaðarregluna.

Dómarar eru minntir á það að í hvert skipti sem þeir beita hagnaði er mikilvægt að þeir gefi það strax til kynna með RÖDD sinni og hinu viðurkennda MERKI MEÐ HANDLEGGJUM sínum svo leikmenn geri sér grein fyrir því að hann hafi séð leikbrotið en ekki einungis misst af því.

Það fellst sjaldan í því hagnaður að halda einungis knettinum á sama stað, ná að senda knöttinn til baka, eða lenda undir pressu varnarmanna jafnvel þó leikmaðurinn nái að halda valdi á knettinum. Í grundvallaratriðum ætti því undir eðlilegum kringumstæðum einungis að beita hagnaðarreglunni þegar vænlegt upphlaup hefur verið stöðvað eða þegar upplagt marktækifæri er í fæðingu.

Þessu til viðbótar ætti dómari að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Hvar á leikvellingum brotið átti sér stað.
- Ber að áminna hinn brotlega leikmann?
- Ber að veita hinum brotlega leikmanni sitt annað gula spjald?
- Ber að sýna hinum brotlega leikmanni beint rautt spjald og þar með vísa honum af leikvelli?

Ef dómari telur brotið framið af skeytingarleysi (gult spjald) eða af heift (rautt spjald) ber honum að stöðva leikinn strax nema að um sé að ræða verulega gott færi til sóknar, þ.e. að halda stjórn á leiknum vegur þyngra en „liðshagnaðurinn“.

Undir þeim kringumstæðum þar sem dómari telur að sýna beri hinum brotlega leikmanni sitt annað gula spjald eða beint rautt spjald fyrir upprunalega leikbrotið ætti dómari ekki að íhuga beitingu hagnaðarreglunnar (nema um sé að ræða upplagt marktækifæri) og dæma strax aukaspyrnu eða vítaspyrnu.

Í stuttu máli:

- Dómarar verða að horfa á málið í víðara samhengi og ekki einskorða sig aðeins við leikbrotið sjálft (þá refsingu sem því fylgir og staðsetningu þess).
- Þegar hagnaðarreglunni er beitt ber engu að síður að beita tilhlýðilegum agarefsingum um leið og leikurinn stöðvast næst.
- Ofbeiting hagnaðarreglunnar kann að orsaka alvarlegri leikbrot.
- Það ætti að heyra til undantekninga að beita hagnaði fyrir varnarmenn sem staddir eru innan eða nálægt eigin vítateig (aðeins ef þeir hafa fullt vald á knettinum, engir mótherjar eru nálægir o.s.frv.).

Stjórnun við töku aukaspyrna

Eftirfarandi aðferðir ættu að koma að góðu gagni við stjórn og framkvæmd töku aukaspyrna:

- Þegar viðeigandi agarefsingum hefur verið beitt skal ganga úr skugga um að knettinum sé stillt upp á þeim stað þar sem brotið átti sér stað - svo skjótt sem auðið er.
- Ef sóknarliðið ákveður að „hraðtaka“ ekki aukaspyrnuna, skal þeim gerð skýr grein fyrir því (með því að sýna spyrnandanum flautuna) að þeir verði að bíða merkis dómars áður en spyrnan er tekin. Ef spyrnan er hins vegar tekin áður en dómari gefur merki ber í öllum tilfellum að endurtaka spyrnuna, **án tillits til niðurstöðu hinnar ótímabæru spyrnu**. Sýna ber hinum brotlega spyrnanda gula spjaldið.

- Grípa þarf í taumana og fjarlægja alla varnarmenn sem stilla sér upp framan við knöttinn.
- Stjórnid „veggnum“ með því að mæla fjarlægðina, ekki að honum miðjum heldur til hliðar við hann (oftast vinstra megin), og gætið á sama tíma að staðsetningu knattarins. Sýna ber hverjum þeim leikmanni sem neitar að víkja lágmarksfjarlægð frá knettinum gula spjaldið.
- Takið upp rétta stöðu (þar sem þið getið fylgst með knettinum, veggnum og aðstoðardómaranum).
- Gefið merki um að taka megi aukaspyrnuna. Ef varnarmaður færir sig úr veggnum áður en spyrnan hefur verið tekin látið þá endurtaka spyrnuna ef mark er ekki skorað og sýnið hinum brotlega leikmanni/leikmönnum gula spjaldið.
- Tryggið að knettinum sé stillt upp á réttum stað við endurtekningu spyrnunnar og endurtakið síðan sama ferli.

Ef leikmenn gerast sekir um óviðeigandi hegðun í veggnum er dómurum ráðlagt að beita fyrst tiltali og í framhaldinu að beita viðeigandi agarefsingum, þ.e. gulu eða rauðu spjaldi (spjöldum) - tiltal öðru sinni í slíkum tilfellum er ekki við hæfi.

Hraðtekning aukaspyrna

Leikmönnum er heimilt að hraðtaka aukaspyrnur - án undangengis merkis frá dómaranum - að því gefnu að:

- ekki sé þörf á því að beita neinum agarefsingum.
- aukaspyrnan sé tekin strax eftir að leikurinn varð stöðvaður (þ.e. innan fárra sekúndna).
- knötturinn sé kyrrstæður á brotstaðnum.
- ekki sé þörf neinnar stjórnunar dómarans við töku spyrnunnar.
- dómari hafi ekki hafið nein afskipti af veggnum/andstæðingunum til þess að koma þeim viðeigandi fjarlægð í burtu.

Ef leikmaður kemur viljandi í veg fyrir að hægt sé að hraðtaka aukaspyrnu ber að áminna hann.

Leikið með háskalegum hætti þar sem líkamleg snerting á sér stað

Ef leikmaður leikur með háskalegum hætti og snertir við það einnig mótherja sinn ber dómaranum að refsa fyrir alvarlegra leikbrotið, þ.e. fyrir snertinguna og þar með dæma beina aukaspyrnu. Ef þörf krefur ber einnig að beita viðeigandi agarefsingum, þ.e. gulu spjaldi ef leikbrotið telst hafa verið framið af skeytingarleysi.

Að koma aftur inn á leikvöllinn

Eftir að hafa fengið merki frá dómaranum um að mega koma aftur inn á leikvöllinn getur viðkomandi leikmaður aftur gerst þátttakandi í leiknum þegar í stað.

Dómurum ber að taka tillit til staðsetningar knattarins og annarra leikmanna áður en þeir gefa leikmanni heimild til þess að koma aftur inn á leikvöllinn.

Agarefsingar gegn varamönnum

Þegar dómari beitir varamann agarefsingu ber honum að gefa það skýrt til kynna með því að sýna gula eða rauða spjaldið.

Staðsetningar

Góðar staðsetningar og sjónarhorn frá hlið geta skipt sköpum fyrir dómara við að meta með hvaða hætti (alvarleika) leikbrot eiga sér stað og kringumstæður þeirra. Aðstoðardómararnir geta einnig oft veitt dómaranum mikilvægar upplýsingar hvað þetta varðar.

Dómarar í „úrvalsflokki“ UEFA gera sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta sér sveigjanlega og víða skálínu við dómgæsluna eins og Dómaranefnd UEFA ráðleggur. Fylgja ber þeirri gullvægu reglu varðandi staðsetningar dómara (að leikurinn fari fram á milli dómarans og aðstoðardómarans) í hvert sinn sem það er mögulegt til þess að freista þess hafa sem best sjónarhorn til þess að skoða atvik leiksins á sama tíma og augnsambandi er haldið við aðstoðardómarann.

Við aukaspurnur nálægt vítateig ber dómurum að láta sjá að þeir mæli 9,15m fjarlægðina áður en þeir taka sér stöðu, í flestum tilfellum, vinstra megin við spyrnustaðinn fremur en hægra megin nema að um sé að ræða aukaspurnur utarlega til vinstri (en þá tekur dómariinn sér aftur stöðu á skálínu sinni eða á öðrum þeim stað þaðan sem þægilegt reynist að fylgjast með því sem fram fer innan vítateigs). Með því að staðsetja sig með þessum hætti teljast dómarar vera að freista þess að draga úr hættunni á því að þeir missi af atvikum innan vítateigs eða meti þau ranglega.

Að veita brotlegum leikmönnum eftirtekt

Einbeitingarleysi eða fljótfærni geta orðið til þess að dómarar geri mistök við að **taka eftir brotlegum leikmönnum**. Eftirfarandi aðferðir ættu að koma að gagni við veitingu agarefsinga:

- Veitið athygli og einangrið leikmanninn/leikmennina sem refsað skal.
- Allir þrír (eða fjórir) í dómarateyminu ættu að veita hinum brotlega leikmanni athygli og kanna hvort hann hafi hlotið áminningu fyrr í leiknum.

Ekki skal hefja leik að nýju fyrr en að þessari könnun lokinni.

Samstarf dómarateymisins

Samræður fyrir leikinn

Samstarf dómarateymisins verður einungis bætt með því að æfa sig í tækninni og með því að tryggja að sérhver dómari í teyminu hafi sömu sýn á knattspyrnulögin og túlkun þeirra. Meðlimir í teyminu ættu einnig að virða þau mismunandi hlutverk sem þeir gegna innan þess. Árangri verður einungis náð ef dómariinn tekur ábyrgð á því fyrir leikinn að ræða á opinn og heiðarlegan hátt við félagana sína um samstarfið og að hann sé jafnframt reiðubúinn til þess að svara spurningum þannig að teymið komist að sameiginlegum niðurstöðum.

Dómarateymi eru minnt nauðsyn þess ræða samstarfið í smáatriðum fyrir leiki og hver séu hlutverk hvers og eins þeirra þannig að enginn vafi leiki á skyldum þeirra og ábyrgð.

Dómurum ber að aðstoða við undirbúning aðstoðardómaranna og fjórða dómarans með því að gefa þeim ítarlega fyrirmæli fyrir leiki jafnvel þó að viðkomandi dómarateymi hafi unnið saman oft áður. Með því að beita alltaf sömu aðferð hvað þetta varðar tryggir það betra samræmi í beitingu knattspyrnulaaganna, ekki síst hvað varðar rangstöðu. Sem leiðtoga hópsins í hverjum leik ber dómaranum að taka lokaábyrgðina á sérhverri ákvörðun sem tekin er.

Árangursrík samskipti milli dómarans og teymis hans fyrir og meðan að á leik stendur eru gríðarlega mikilvæg (skerpt athygli).

Augnsamband og gagnkvæm athygli með tvíhliða samskiptum er nauðsynlegt.

Einnig er mælt með því að dómarateymið finni sér tíma til þess að fara yfir árangur samstarfsins að leik loknum.

Rangstaða

Aðstoðardómarar skulu einungis gefa rangstöðu til kynna þegar þeir eru þess fullvissir að um refsiverða rangstöðu hafi verið að ræða. Ef aðstoðardómari er ekki fullviss í sinni sök ber honum að halda flagginu niðri (þ.e. meta ber allan vafa sóknarliðinu í hag).

Þegar meta skal hvort sóknarmaður sé nær marklínu mótherjanna en næstaftasti varnarmaður ber að taka tilliti til stöðu höfuðs, fóta og líkama sóknarmannsins gagnvart næstaftasta varnarmanninum, þ.e. ekki ber að taka tillit til handa/handleggja sóknarmannsins.

Til þess að tryggja rétt mat á refsiverðri rangstöðu ber aðstoðardómurum því ekki að lyfta flaggi sínu strax heldur nota „bíða og sjá“ tæknina til þess að meta eftirfarandi atriði:

- a) Hreyfiferil knattarins (stefnu, hraða, fjarlægð, stefnubreytingu af leikmanni o.s.frv.).
- b) Virkri þátttöku leikmannsins í leiknum með því að:
 - hafa áhrif á leikinn eða
 - hafa áhrif á andstæðing eða
 - hagnast á stöðu sinni.

Dómarar og aðstoðardómarar eru minntir á að kynna sér vel þær skilgreiningar á refsiverðri rangstöðu sem er að finna í „Túlkun laganna og leiðbeiningar til dómara“ sem fylgja knattspyrnulögunum.

Skilgreiningarnar á því hvenær leikmaður telst taka virkan þátt í leiknum eru þessar:

- “að hafa áhrif á leikinn” þýðir að leika knettinum eða snerta hann eftir sendingu eða snertingu samherja.
- “að trufla mótherja” þýðir að hindra mótherja í því að leika knettinum eða vera fær um að leika honum með því að vera greinilega fyrir í sjónlínu eða hreyfingarlínu mótherjans eða með því að beita látbragði eða hreyfingu sem villir um fyrir eða ruglar mótherja að mati dómarans.
- “að hafa hagnað af þeirri stöðu sinni” þýðir að leika knetti sem hrekkur til hans af markstöng eða þverslánni, eftir að hafa verið í rangstöðu, eða að leika knetti sem hrekkur til hans af mótherja eftir að hafa verið í rangstöðu.

Dómurum og aðstoðardómurum ber að veita athygli eftirfarandi aðstæðum sem falla undir þá skilgreiningu að „beita látbragði eða hreyfingu sem villir um fyrir eða ruglar mótherja að mati dómarans“:

- Leikmaður í rangstöðu, sem með háttsemi sinni og stefnu hreyfingar sinnar, í eða nálægt slóð knattarins, hefur áhrif á andstæðing með því að stuðla að eða egna mótherja til þess að spyrna knettinum stjórnlaut frá o.þ.h.
- Leikmaður í rangstöðu, sem augljóslega er í sjónlínu markvarðarins (á milli hans og spyrnandans), hefur áhrif á markvörðinn (fipar hann).

Um beitingu rangstöðureglunnar og mat á refsiverðri rangstöðu hvað varðar „að hafa hagnað af þeirri stöðu sinni“ eru dómurum og aðstoðardómurum minntir á að veita því eftirtekt þegar knötturinn

hrekur af markstöngum, markslá eða markverðinum til leikmanns sem var í rangstöðu þegar knettinum var síðast leikið eða hann snertur af samherja hans.

Aðstoðardómarar eru einnig minntir á að:

- Þegar þeir meta rangstöðu er betra að vera heldur seinn en hafa rétt fyrir sér en að vera snöggur að ákveða sig ranglega.
- Ef dómari sér ekki merki aðstoðardómara um rangstöðu strax ber aðstoðardómaranum að halda merki sínu til streitu allt þar til dómari verður þess var eða þar til að varnarliðið hefur greinilega náð valdi á knettinum (bíp-merkið er notað til þess að vekja athygli dómarsins á að aðstoðardómari hafi lyft flaggi sínu).
- Þegar aðstoðardómari tekur tæpa ákvörðun um „ekki rangstöðu“ getur látlaust handmerki til dómarsins verið honum ganglegt þegar hann hefur augnsamband við aðstoðardómarann.

Í þeim sjaldgæfu tilfellum þar sem dómari er sannfærður um að leikmaður sé í rangstöðu og taki jafnframt virkan þátt í leiknum og aðstoðardómari lyftir ekki flaggi sínu ber dómaranum að taka loka ábyrgðina á því að dæma rangstöðuna. Á sama hátt ber dómaranum að benda aðstoðardómaranum á að setja flaggið niður í þeim sjaldgæfu tilfellum sem hann er sannfærður um að leikmaðurinn taki ekki virkan þátt í leiknum og láta leikinn halda áfram. Dómarar verða að sýna hugrekki og bregðast ekki við merkjagjöf frá aðstoðardómurum þegar um er að ræða augljós mistök.

Knötturinn úr og í leik

1. Aðstoðardómarar eru minntir á að í sérhvert skipti sem knötturinn fer út fyrir leikvöllinn ber þeim að gefa skýrt til kynna með flaggi sínu hvernig hefja skuli leik að nýju og hvort liðið skuli gera það. Þegar um er að ræða augljósar ákvarðanir um innköst getur aðstoðardómari gefið það til kynna með því að gefa strax merki um innkaststefnuna (eftir allri hliðarlínunni). Sé hann hins vegar í einhverjum vafa um stefnuna ber honum einfaldlega að lyfta flaggi sínu til merkis um að knötturinn sé úr leik, ná augnsambandi við dómarann og fylgja síðan merki hans.

Þegar um er að ræða mjög tæpar ákvarðanir, og knötturinn fer ekki úr leik, getur látlaust handmerki til dómarsins verið gagnlegt.

2. Í sérhvert skipti sem aðstoðardómari gefur til kynna að knötturinn hafi farið úr leik (jafnvel þó leikmenn haldi áfram að leika knettinum) ber honum að halda flaggi sínu til streitu þangað til dómari veitir því athygli og bregst við.
3. Þegar knötturinn fer í markið:

Aðstoðardómari skal staðfesta að löglegt mark hafi verið skorðað með því að sýna augljósa hreyfingu eftir hliðarlínunni í átt að miðlínunni. Þegar um tæpar ákvarðanir er að ræða, þegar gefa þarf til kynna að knötturinn hafi farið allur inn fyrir marklínuna, skal aðstoðardómari lyfta flaggi sínu (án þess þó að veifa því), leita eftir augnsambandi við dómarann og einungis að því loknu sýna augljósa hreyfingu eftir hliðarlínunni í átt að miðlínunni.

Ef mark hefur ekki verið skorað með löglegum hætti að mati aðstoðardómarsins ber honum að standa kyrrum og halda því merki sem hann kann þegar að hafa gefið. Dómari kann síðan að æskja frekara samráðs ef hann telur frekari skýringa þörf.

Leikbrot

Aðstoðardómara ber að:

- lyfta flaggi sínu til þess að láta dómarrann vita að hann hafi séð leikbrot framið (eða óíþróttamannslega eða ofsalega framkomu) nálægt sér eða þar sem dómarrinn sá ekki til. Merkið skal gefið til kynna með því að veifa flagginu fram og til baka til þess að aðgreina það frá merkinu um rangstöðu.
- ná augnsambandi við dómarrann og lyfta flaggi sínu þegar hann telur sig í betri stöðu til ákvörðunar en dómarrann, og dómarrinn hefur ekki gripið til aðgerða, þ.e. þegar dómarrinn var augljóslega ófær um að greina brotið.

Ef aðstoðardómarrinn þarf að koma frekari upplýsingum um brotið á framfæri við dómarrann, eða ef dómarrinn hefur ekki séð merki hans með flagginu, ber honum að nota samskiptabúnaðinn eða bípmerki, en þá einungis til viðbótar því merki sem hann hefur þá þegar gefið með flaggi sínu.

Áhersla er lögð á það að aðstoðardómurum ber að grípa til slíkra aðgerða í hvert skipti sem það á við, þ.m.t. vegna brota sem framin eru innan vítateigs.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að:

- áður en merki er gefið um leikbrot ber aðstoðardómarrann að fullvissa sig um að dómarrinn myndi ekki hafa notað hagnaðarregluna ef hann hefði veitt brotinu eftirtekt og því að nota „bíða og sjá“ tæknina og ná augnsambandi við dómarrann.
- ef dómarrinn sér ekki strax merki aðstoðardómarrans um leikbrot verður aðstoðardómarrinn að halda merki sínu til streitu þar til að dómarrinn hefur veitt því eftirtekt eða að um sé að ræða greinilegan hagnað fyrir liðið sem brotið var gegn.
- augnsamband og látlaust handmerki frá aðstoðardómarrannum kann að verða að gagni við að koma upplýsingum til dómarrans, t.d. um hvers konar brot var að ræða, hvað gera skuli næst o.s.frv. Slík merki geta dregið úr þörfinni fyrir dómarrann til þess að fara alla leið til aðstoðardómarrans til samráðs.
- þegar dómarrinn þarf að fara til aðstoðardómarrans til samráðs þá þarf upplýsingagjöfin að fela í sér eins skilmerkilega og völ er á nákvæmlega hvað gerðist, hvaða leikmenn áttu hlut að máli, nákvæma staðsetning atviksins, til hvaða aðgerða beri að grípa og hvernig hefja skuli leik að nýju. Í slíkum tilfellum er mælt með því að aðstoðardómarrinn komi 4-5m til móts við dómarrinn inn á leikvöllinn.
- á meðan að samráðið fer fram snúi bæði dómarrinn og aðstoðardómarrinn sér að leikvöllinum. Ef þess er nokkur kostur er betra að samráð þeirra fari fram án þess að aðrir heyri til þeirra eða skilji hvað þar fer fram.
- þegar aðstoðardómari veitir ofsalegri framkomu leikmanna athygli og gefur um hana merki er dómarrann skylt að grípa til tilhlýðilegra refsinga í samræmi við knattspyrnulögin. Ef leikurinn hefur þegar verið stöðvaður til þess að beita agarefsingum (jafnvel þó merkinu hafi ekki verið veitt athygli strax og leikurinn haldið áfram) ber að hefja leik að nýju í samræmi við knattspyrnulögin (aukaspyrna, vítaspyrna). Ef merki aðstoðardómarrans hefur hins vegar ekki verið veitt athygli strax og leikurinn þegar verið hafinn að nýju vegna annars atviks sem fylgdi í kjölfarið er einungis heimilt að grípa til viðeigandi agarefsinga gegn hinum brotlegu leikmönnum.
- Þegar dómarrinn æskir leiðbeininga frá aðstoðardómara um nákvæma staðsetningu leikbrota sem framin eru á mörkum vítateigslínunnar ber aðstoðardómarrann að bera sig þannig að:
 - a. ef leikbrotið er framið innan vítateigs færi aðstoðardómarrinn sig sýnilega niður eftir hliðarlínunni í átt að hornfánanum.

- b. ef leikbrotið er framið utan vítateigs standi aðstoðardómarinn kyrr eftir að hafa fært sig til þess að vera í línu við vítateigslínuna.

Augljóslega röng ákvörðun dómara um agarefsingu

Ef fjórði dómarinn eða annar hvor aðstoðardómaranna veita því athygli að dómarinn hafi augljóslega tekið ranga ákvörðun um agarefsingu (t.d. tvö gul spjöld á sama leikmanninn án þess að vísa honum af leikvelli, rautt spjald eða gult sýnt röngum leikmanni o.s.frv.), ber þeim að hlutast strax til um málið (gefa merki með flaggi sínu, gefa bíp-merki eða jafnvel fara inn á leikvöllinn). Það er gríðarlega mikilvægt að engin mistök eigi sér stað í tengslum við þessar skyldur og dómarateymið verður að veita því skýra eftirtekt hvaða leikmenn ber að beita agarefsingum og skrá það skýrt hjá sér þegar í stað.

Stjórnun 9,15m fjarlægðarinnar

Þegar aukaspyrna er dæmd nálægt hliðarlínunni í námunda við aðstoðardómarann er honum heimilt að fara inn á leikvöllinn til þess að stjórna 9,15m fjarlægðinni frá knettinum. Mælt er með því að aðstoðardómararnir skrefi ekki fjarlægðina í slíkum tilfellum heldur stjórn aðgerðinni frá stöðu sinni við knöttinn.

Hlutverk fjórða dómars

- Frá og með 1. júní 2010 hefur hlutverk fjórða dómars breyst frá því að fylgjast einungis með ofsalegri framkomu, rangt tilgreindum leikmönnum og þegar öðru gulu spjaldi á leikmann fylgir ekki brottvikning. Í knattspyrnulögunum segir nú um hlutverk hans: „*Hann aðstoðar dómarnum við stjórn leiksins í samræmi við knattspyrnulögin. Dómarinn heldur engu að síður valdinu til að úrskurða um öll atriði varðandi leikinn sjálfan*“.

Mikilvægt er að dómarinn geri fjórða dómarnum skýra grein fyrir því til hvers hann ætlast af honum í fyrirmælum sínum fyrir leikinn.

Staðsetningar aðstoðardómara

Aukaspurnur nálægt vítateig

Við aukaspurnur nálægt vítateig ber aðstoðardómaranum að staðsetja sig í línu við næstaftasta varnarmann (og meta hugsanlega rangstöðu), en einnig að veita marklínunni athygli. Dómarinn fylgist knettinum og varnarveggnum.

Eftir rangstöðu

Eftir að aukaspurna hefur verið dæmd vegna rangstöðu ber aðstoðardómaranum, sem gaf rangstöðuna til kynna, helst að staðsetja sig í línu við þann stað sem knötturinn á að vera á þegar leikur er hafinn að nýju. Að því loknu ber honum síðan að koma sér þegar í rétta stöðu til þess að meta rangstöðu (í línu við næstaftasta varnarmann), sem hefur forgang hjá honum.

Markspurnur og útspörk

Þegar um er að ræða markspurnur og þegar markvörðurinn hefur vald á knettinum innan eigin vítateigs er mælt til þess að aðstoðardómarinn fylgist annað slagið með því að knötturinn sé rétt staðsettur eða að markvörðurinn beri ekki knöttinn í höndum sér út fyrir vítateiginn áður en hann sleppir honum úr höndum sér. Þetta ætti að gera við hentug tækifæri (t.d. þegar næstaftasti varnarmaðurinn er staðsettur nálægt vítateignum). Mat á rangstöðu eftir að leikurinn er hafinn að nýju er hins vegar alltaf í forgangi.

Hornspyrna

Við hornspyrnu er mælt með því að aðstoðardómarinn sem í hlut á taki sér stöðu á marklínunni aftan við hornfánann.

Vítaspyrna

Við vítaspyrnu sem dæmd er í venjulegum leik ber aðstoðardómaranum að staðsetja sig á marklínunni á þeim stað sem hliðarlína vítateigsins sker hana. Í vítaspyrnukeppni ber öðrum aðstoðardómaranum að staðsetja sig á marklínunni á þeim stað sem hliðarlína markteigsins sker hana og hinum aðstoðardómaranum að hafa umsjón með leikmönnum innan miðjuhringsins. Dómaranum ber að ákveða og samræma hlutverk aðstoðardómarans á marklínunni við sitt eigið varðandi það að veita athygli hreyfingu markvarðarins út af marklínunni. Dómarar og aðstoðardómarar eru einnig minntir á að „óvirki“ markvörðurinn skal staðsetja sig á marklínunni að baki aðstoðardómarans þar sem hliðarlína vítateigsins sker hana.

Flöggunartækni

Mælt er með því að aðstoðardómarinn haldi flaggi sínu ávallt í þeirri hendinni sem snýr að leikvöllinum hverju sinni og skipti stöðugt um hönd þegar hann breytir um stefnu þannig að flaggið sé alltaf sýnilegt dómaranum.

Þegar aðstoðardómari lyftir flaggi sínu til merkis um leikbrot eða óviðeigandi hegðun ber honum að gera það með þeirri hendinni sem notuð verður til þess að gefa stefnu aukaspjunnar til kynna.

Mælt er til þess að aðildarþjóðir UEFA gefi nýjum aðstoðardómurum sínum fyrirmæli þar að lútandi.

Dómaraeftirlitsmanninum ber áfram að meta frammistöðu aðstoðardómarans í samræmi við nákvæmni ákvarðana hans.

Ábyrgð aðstoðardómara við innköst

Aðstoðardómarar eru minntir á að ábyrgðin á rétt framkvæmdu innkasti skiptist á milli þeirra og dómarans þar sem dómarinn fylgist með að handarhreyfingar innkastarans séu í samræmi við knattspyrnulögin og aðstoðardómararnir með stöðu fóta (á eða utan við hliðarlínuna og með snertingu við jörðu). Engu að síður er það dómarinn sem ber lokaábyrgðina á því að grípa til aðgerða, frá sinni stöðu á leikvöllinum, gagnvart rangt framkvæmdu innkasti.